

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekavellir 18, Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekavellir 18, Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að húsið hækkar úr 8 hæðum í 9. Fjöldi íbúða fer úr 32 í 34. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 3. október 2005.*

**Gunnhildur Gunnarsdóttir** arkitekt.